

TILLAGA

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um
val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af: Gísli Gunnarssyni og Hreini Hákonarsyni
Frsm.: Gísli Gunnarsson

1. gr.

12. mgr. 6. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Matsnefnd raðar umsækjendum um starf prests í þjóðkirkjunni, að fullnægðum skilyrðum, í þá röð sem hún metur hæfni viðkomandi til starfens.

2. gr.

3. mgr. 8. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Að fenginni niðurstöðu matsnefndar, sbr. 6. gr., boðar kjörnefnd umsækjendur til viðtals.

3. gr.

Orðin „miðað við fullskipaða kjörnefnd“ í 10. mgr. 8. gr. starfsreglnanna falla brott.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð

Um 1. gr.

Í 38. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, eru talin upp almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti. Sá umsækjandi sem uppfyllir þau skilyrði getur því sótt um embættið og á að hafa möguleika til að hljóta það lögum samkvæmt. Það er því ekki við hæfi að matsnefnd, geti útilokað einhverja umsækjendur, sem uppfylla öll skilyrði til að sækja um starfið. Oft munar litlu á umsækjendum samkvæmt mati matsnefndar og því harla einkennilegt að miða við fjóra til fimm að hámarki og útiloka t.d. þann sjötta sem nánast er metinn eins og sá fimmti. Þar sem kjörnefnd ber ábyrgð á vali prests er eðlilegt að hún fái að velja úr öllum þeim sem um starfið sóttu.

Um 2. gr.

Hér vísast til rökstuðnings um 1. gr.

Um 3. gr.

Lagt er til að orðin „miðað við fullskipaða kjörnefnd“ falli brott. Ekki þykir við hæfi að atkvæði þeirra sem heima sitja hafi áhrif á það hvaða umsækjanda kjörnefndin velur til starfa. Vitaskuld

væri réttara að miða við gild atkvæði þeirra sem neyta atkvæðisréttar síns en ekki hinna sem láta það ógert.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.